

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2016/1006****2016/EES/63/09****frá 22. júní 2016****um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 255/2010 að því er varðar ákvæði
Alþjóðaflugmálastofnunarinnar sem um getur í 1. mgr. 3. gr. (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 551/2004 frá 10. mars 2004 um skipulag og notkun loftrýmis í samevrópska loftrýminu (loftrýmisreglugerðin) ⁽¹⁾, einkum 7. mgr. 6. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í 1. mgr. 3. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 255/2010 ⁽²⁾ er þess krafist að skipulagning, samræming og framkvæmd ráðstafana vegna flæðisstjórnunar flugumferðar (ATFM) af hálfu aðilanna eða fulltrúa sem starfa fyrir þeirra hönd að flæðisstjórnunarferlum flugumferðar sem um getur í 3. mgr. 1. gr., samrýmist ákvæðum Alþjóðaflugmálastofnunarinnar sem tilgreind eru í viðaukanum. Í þeim viðauka er vísað til skilgreininga og ýmissa ákvæða, sem mælt er fyrir um í 11. viðauka við Chicago-samninginn um alþjóðlegt almenningsflug (Chicago-samningurinn), nánar tiltekið í 13. útgáfu samningsins frá júlí 2001, með breytingu nr. 47. Síðan reglugerð (ESB) nr. 255/2010 var samþykkt hefur Alþjóðaflugmálastofnunin breytt mörgum skilgreiningum og ákvæðum 11. viðauka við Chicago-samninginn, nú síðast með breytingu nr. 49.
- 2) Í viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 255/2010 er einnig vísað til ákvæðanna sem mælt er fyrir um í svæðisbundnum viðbótarverklagsreglum Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (skjal nr. 7030), nánar tiltekið í 5. útgáfu þeirra frá 2007. Reyndar er 5. útgáfa skjals nr. 7030 frá árinu 2008 og leiðréttá þarf tilvísun í útgáfudagsetninguna frá árinu 2007.
- 3) Því ætti að leiðrétta og uppfæra tilvísanir til 11. viðauka Chicago-samningsins og til skjals Alþjóðaflugmálastofnunarinnar nr. 7030 í reglugerð (ESB) nr. 255/2010 til að gera aðildarríkjunum kleift að uppfylla alþjóðlegar, lagalegar skuldbindingar sínar og tryggja samræmi við alþjóðlegan regluramma Alþjóðaflugmálastofnunarinnar.
- 4) Því ætti að breyta reglugerð (ESB) nr. 255/2010 til samræmis við það.
- 5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um samevrópskt loftrými sem komið var á fót skv. 5. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 549/2004 ⁽³⁾.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í stað viðaukans við reglugerð (ESB) nr. 255/2010 komi eftirfarandi:

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 165, 23.6.2016, bls. 8. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 213/2016 frá 28. október 2016 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, biður birtingar

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 96, 31.3.2004, bls. 20.

⁽²⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 255/2010 frá 25. mars 2010 um sameiginlegar reglur um flæðisstjórnun flugumferðar (Stjtið. ESB L 80, 26.3.2010, bls. 10).

⁽³⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 549/2004 frá 10. mars 2004 um setningu rammaákvæða um að koma á samevrópsku loftrými (rammareglugerðin) (Stjtið. ESB L 96, 31.3.2004, bls. 1).

„VIÐAUKI

Skrá yfir ákvæði Alþjóðaflugmálastofnunarinnar um flæðisstjórnun flugumferðar

1. Liður 3.7.5 í 3. kafla (Flæðisstjórnun flugumferðar) í 11. viðauka við Chicago-samninginn — Flugumferðarþjónusta (13. útgáfa, júlí 2001 með breytingu nr. 49).
2. Ákvæði 3. kafla (Afkastageta flugumferðarþjónustu og flæðisstjórnun flugumferðar) í skjali Alþjóðaflugmálastofnunarinnar nr. 4444, Verklagsreglur fyrir flugleiðsöguþjónustu — Rekstrarstjórnun flugumferðar (PANS-ATM) (15. útgáfa, 2007).
3. Málsgrein 8.3 í 8. kafla (undanþágur frá afgreiðslutíma sem flæðisstjórnun flugumferðar hefur úthlutað) í skjali Alþjóðaflugmálastofnunarinnar nr. 7030, svæðisbundnar viðbótarverklagsreglur fyrir Evrópu (5. útgáfa, 2008).
4. Ákvæði c-liðar málsgreinar 8.4.1 í kafla 8 (Umráðandi loftfars og hvernig hann fer að ráðstöfunum vegna flæðisstjórnunar flugumferðar) í skjali Alþjóðaflugmálastofnunarinnar nr. 7030, svæðisbundnar viðbótarverklagsreglur fyrir Evrópu (5. útgáfa, 2008).
5. Liður 2.3.2 í 2. kafla (Breytingar á áætluðum hlaðfarartíma (EOBT)) í skjali Alþjóðaflugmálastofnunarinnar nr. 7030, svæðisbundnar viðbótarverklagsreglur fyrir Evrópu (5. útgáfa 2008).

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 22. júní 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.
